# Lög

**Nr. 38.**
26. okt.

um

sölu á kirkjueigninni, 7 hndr. að fornu mati, úr Tungu í Skutilsfirði, ásamt skógarítaki þar.

**Vjer Christian hinn Tíundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til þess að selja Ísafirði 7 hndr. að fornu mati í kirkjujörðinni Tungu í Skutilsfirði, ásamt skógarítaki, fyrir 4200 kr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 26. október 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

Jón Magnússon.